

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 137/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2014 frá 14. desember 2018 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar skrána yfir svæði á Írlandi sem eru laus við ostruherpesveiru 1 μvar (OsHV-1 μVar) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/14 frá 3. janúar 2019 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:
„– **32019 D 0014:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/14 frá 3. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2019, bls. 3).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2:
„– **32018 D 2014:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2014 frá 14. desember 2018 (Stjtið. ESB L 322, 18.12. 2018, bls. 55).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2018/2014 og (ESB) 2019/14, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 322, 18.12.2018, bls. 55.
⁽²⁾ Stjtið. ESB L 3, 7.1.2019, bls. 3.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.